



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2015

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við hefndarklámi), 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 11 – 11. mál.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) fagnar frumvarpinu og telur mikilvægt að sérstök ákvæði um hefndarklám verði felld undir kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga.

MRSÍ tekur undir það sem fram kemur í greinargerð að, þó svo að í hugtakinu sé talað um hefnd þá megi skilgreiningin ekki festast við það hugtak. Það er algeng hegðun að einstaklingar sendi ólöglegar myndir af fyrrverandi maka sínum án þess að hafa til þess leyfi og slíkt skal sannarlega telja refsivert. En það eru einnig alvarleg brot, ekki síst í ljósi afleiðinga þeirra, þar sem aðilar tengjast brotþola ekki eða tengjast honum lítillega. Það er talsvert um að ungt fólk setji nektarmyndir af skólafélögum o.fl. á netið án tilskilins leyfis. Því er mikilvægt, eins og fram kemur í greinargerð með 2. gr. frumvarpsins, að líta til þess að ef birting eða dreifing á myndefni, ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegum hlutum er til þess fallin að valda þolanda tjóni eða vanlíðan eða er lítilsvirðandi fyrir þolandann, skuli refsing liggja við.

MRSÍ tekur enn fremur undir það er segir í greinargerð með frumvarpinu um nauðsyn þess að fræða ungt fólk um áhrif þess að dreifa hefndarklámi og alvarleika slíkra brota, ekki síst um sálræn áhrif þess á þolandur. Fyrirhugaðar breytingar eru mikilvægt verkfæri til að breyta siðferði á netinu til betri vegar með því að gera skýrt að ef einstaklingur fær senda eða sér hefndarklámsmynd á netinu þá getur sá hinn sami ekki eignað sér hana eða send hana áfram að vild. Að mati MRSÍ, er mikilvægt að ábyrgð á dreifingu hefndarkláms verði þar sem hún á heima.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri